

## **Aðalstjórn Völsungs**

4.4.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Hallgrímur Jónsson, Bergþóra Höskuldsdóttir, Lilja Friðriksdóttir, Davíð Þórólfsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

### **1. Þinggerð frá Ársþingi HSP**

Þinggerð frá Ársþingi HSP 2019 lagt fram.

*Lagt fram.*

### **2. Dög að samning við FSH með athugasemdum FSH**

Fyrir fundinum liggja drög að samning við Framhaldsskólann á Húsavík. Búið er að samþykkja hann í skólanefnd.

*Fyrirliggjandi samningur samþykktur. Hallgrímur Jónsson formaður og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri munu skrifa undir samninginn fyrir hönd Völsungs.*

### **3. Tilkynningaskjár fyrir íþróttahöll – verð til að setja tilkynningar í gegnum heimasíðu**

Verið er að setja upp tilkynningaskjá í íþróttahöllinni.

*Unnið verður áfram í málinu.*

### **4. Heimasíða – verð í nýja heimasíðu**

Tilboð í heimasíðu frá vefhönnuðarfyrirtækinu Allra áttum.

*Aðalstjórn þakkar tilboðið og skoðar málið.*

### **5. Tillögur fyrir aðalfund frá Heiðari**

Heiðar Hrafn Halldórsson hefur sent inn tillögur fyrir aðalfund félagsins.

Tillaga 1: Sameining Skíðagöngudeildar og hlaupahópsins Skokka

*Skíðagöngudeild og Hlaupahópurinn Skokki verða boðuð á fund aðalstjórnar þar sem tillagan verður rædd.*

Tillaga 2: Stofnun kraftlyftingadeildar innan almenningsíþróttadeildarinnar

*Heiðar verður boðaður á fund aðalstjórnar þar sem hann skýrir hugmyndir sínar nánar.*

**6. Fundur með Jako**

Jóhann í Jakó kom í heimsókn föstudaginn 29. mars. Hallgrímur og Jónas tóku á móti honum.

*Sendur hefur verið út póstur á allar deildir þar sem óskað er eftir nákvæmum upplýsingum um þörf á fatnaði fyrir 12. apríl. Stefnt verður á að leita tilboða og klára samning við búningaframleiðanda í maí mánuði.*

**7. Fundargerð B&U frá 2.4.2019**

Fundargerð B&U frá 2.4.2019.

*Lagt fram.*

Fundi slitið: 17:45